



Fundur háskólaráðs 23. mars 2006

Fundargerð

Málsnúmer: HI06010052
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Margrét Ludwig
Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 17.03.2006
Dags: 23.03.2006

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbygging (600169-2039)
101 REYKJAVÍK
Sími: 525 4000; 525 4300
Fax: 552 1331

03/2006

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2006, fimmtudaginn 23. mars var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Fundinn sátu: Kristín Ingólfssdóttir, Anna Pála Sverrisdóttir, Arnfríður Guðmundsdóttir (varamaður Vilhjálms Árnasonar), Eiríkur Tómasson, Jóhannes R. Sveinsson, Jón Ó. Skarphéðinsson, Matthías Páll Imsland og Rögnvaldur Ólafsson. Inga Jóna Þórðardóttir boðaði forföll og varamenn hennar jafnframt. Fundargerð ritaði Magnús Diðrik Baldursson.

Fundargerð seinasta fundar var lögð fram.

Áður en gengið var til dagskrár greindi rektor frá því að annar fráfarandi fulltrúa stúdenta í háskólaráði, Davíð Gunnarsson, varamaður Bryndísar Harðardóttur, telur sér ekki fært sökum anna á nýjum starfsvettvangi að sækja fundi háskólaráðs það sem eftir er af kjörtímabilinu og ekki er kjörinn varamaður til að taka sæti hans. Í ljósi þessara sérstöku atvika og þar sem athugasemdir hafa ekki komið fram af hálfu Stúdentaráðs, lagði rektor til að Erna Kristín Blöndal, sem hefur verið kjörin fulltrúi stúdenta í háskólaráði til tveggja ára frá 1. júlí 2006, taki sæti Davíðs Gunnarssonar í háskólaráði frá 23. mars 2006 að telja til og með 30. júní 2006.

- Samþykkt einróma.

Að tillögunni samþykktri var Erna Kristín kölluð inn á fundinn og bauð rektor hana velkomna til starfa.

1. Erindi til háskólaráðs

1.1 Tillögur að breytingu á reglum og að nýjum reglum, sbr. nánar meðfylgjandi yfirlit.

- a. Breyting á heiti námsleiða í rannsóknatengdu framhaldsnámi í læknadeild, sbr. síðasta fund.
Jón Ólafur Skarphéðinsson, fulltrúi heilbrigðisvísindasviðs, gerði grein fyrir málinu, en hann hafði, ásamt Rögnvaldi Ólafssyni, fulltrúa raunvísindasviðs, undirbúið afgreiðslu þess á milli funda.
- Samþykkt einróma að heiti námsleiða í framhaldsnámi innan læknadeildar skv. 87. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands, verði heilbrigðisvísindi, líf- og læknávisindi.

- b. Breytingar á reglum viðskipta- og hagfræðideildar um rannsóknánám nr. 1043/2003.
 - Málið var rætt. Samþykkt að óska eftir frekari upplýsingum frá viðskipta- og hagfræðideild, einkum um það ákvæði 6. gr. að nemendur sem að loknu B.S.-prófi leggja stund á M.S.-nám geti tekið námskeið á B.S.-stigi.
- c. Breyting á ákvæðum 17. gr. (skipan deildarfundar) og 22. gr. (skorir) um skipun fulltrúa stúdenta á deildarfundum í skorarskiptum deildum.
 - Málið var rætt. Samþykkt að senda breytingartillöguna til umsagnar deilda. Jafnframt verði deildirnar inntar eftir afstöðu til þess hvort í reglunum skuli þess gætt að auk tillits til skora skulu fulltrúar nemenda koma hvort tveggja úr grunnnámi og framhaldsnámi.

1.2 Tillaga að reglum um ráðningu í störf án auglýsingar, sbr. síðasta fund. Minnisblað lagt fram.

Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt stuttlega.
- Frestað.

1.3 Frágangur samþykktar og lóðar fyrir Vísindagarða H.Í. ehf., sbr. síðasta fund. Lögð fram drög lóðarleigusamninga og bréf menntamálaráðuneytis dags. 13. mars 2006 og bréf fjármálaráðuneytis dags. 23. febrúar 2006.

Inn á fundinn kom Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur Háskólans. Rektor og Tryggvi gerðu grein fyrir málinu og var það rætt.

- Háskólaráð staðfesti breytingar á samþykktum Vísindagarða Háskóla Íslands ehf. á grundvelli fyrirbyggjandi sérfræðiskýrslu um verðmæti þeirra fasteignaréttinda sem eru hlutafjárframlag við hlutafjáráukningu í félaginu. Þá var efni fyrirbyggjandi draga að lóðarleigusamningi milli H.Í. og félagsins færð til samræmis við athugasemdir sem borist höfðu frá fjármála- og menntamálaráðuneyti. Endurskoðuð drög verða send til staðfestingar ráðuneyta.

1.4 Tilnefning fulltrúa Háskólans í stjórn RHnets, sbr. síðasta fund. Ársreikningur fyrir árið 2005 lagður fram.

Rektor kynnti málið og var það rætt. Inn á fundinn kom Þórður Kristinsson, framkvæmdastjóri akademískrar stjórnsýslu og formaður stjórnar RHnets, og svaraði framkomnum spurningum. Að umræðu lokinni bar rektor upp tillögu um að eftirtalin verði fulltrúar Háskóla Íslands í stjórn RHnets. Aðalmenn: Þórður Kristinsson, framkvæmdastjóri, Sæþór Jónsson, forstöðumaður Reiknistofnunar Háskólans, og Ebba Þóra Hvannberg, dósent við verkfræðideild. Varamenn: Jón Torfi Jónasson, prófessor við félagsvísindadeild, Anna Soffía Hauksdóttir, prófessor við verkfræðideild, og Helgi Þorbergsson, dósent við verkfræðideild.

- Samþykkt einróma.

1.5 Tilnefning fulltrúa Háskólans í stjórn Flugkerfa hf. Ársreikningur fyrir árið 2004 lagður fram.

Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt.

- Samþykkt að óska eftir því að fulltrúi Háskólans í stjórn Flugkerfa hf. komi á fund ráðsins og kynni starfsemi félagsins og ársreikning þess.

2. Mál á dagskrá

2.1 Drög að stefnu Háskóla Íslands 2006-2011, ásamt tímaáætlun.

Inn á fundinn komu þeir Róbert H. Haraldsson, dósent í hugvísindadeild, og Halldór Jónsson, framkvæmdastjóri rannsóknasviðs, fulltrúar í heildarstefnuhópi. Í fjarveru Jóns Atla Benediktssonar, prófessors í verkfræðideild og formanns hópsins, gerði Róbert grein fyrir framlögðum drögum að stefnu Háskóla Íslands 2006-2011. Málið var rætt ítarlega. Lýstu ráðsmenn mikilli ánægju með stefnuþrógin og töldu að hér væri á ferð metnaðarfull og framsýn áætlun. Að umræðu lokinni fór rektor yfir framlagða verk- og tímaáætlun. Gerir hún m.a. ráð fyrir því að háskólaráð fjalli um lokadrög að stefnu Háskólans á fundi sínum 4. maí nk., þau verði síðan lögð fram til umræðu og afgreiðslu á 20. háskólafundi 5. maí nk. og loks staðfest af háskólaráði 11. maí nk. Samhliða þessari vinnu við heildarstefnu Háskólans munu formenn starfsnefnda háskólaráðs veita ráðinu umsögn um stefnur deilda og stjórnýslu sem gert er ráð fyrir að ráðið staðfesti á fundi sínum 15. júní nk. og verða kynntar á 21. háskólafundi í haust. Þakkaði rektor öllum þeim sem með einum eða öðrum hætti hafa komið að stefnumótunarstarfinu.

2.2 Uppgjör Háskólans 2005, endurskoðað frá síðasta fundi.

Rektor gerði grein fyrir framlögðu uppgjöri Háskólans fyrir árið 2005.

2.3 Fjárhagsstaða Háskólans 2006, yfirlit eftir tvo mánuði.

Rektor gerði grein fyrir framlögðu yfirliti yfir fjárhagsstöðu Háskólans eftir fyrstu tvo mánuði ársins 2006.

2.4 Erindi nemanda í viðskipta- og hagfræðideild, sbr. síðasta fund. Tillaga að afgreiðslu háskólaráðs.

Eiríkur Tómasson, fulltrúi félagsvísindasviðs og varaformaður háskólaráðs, gerði grein fyrir tillögum starfshóps ráðsins um afgreiðslu málsins.

- Samþykkt einróma að taka ekki afstöðu til erindisins að svo stöddu, en beina þeim tilmælum til viðskipta- og hagfræðideildar að hinni kærðu ákvörðun verði breytt á þann veg að umrædd prófurlausn verði metin til einkunnar.

3. Mál til fróðleiks

3.1 Fundargerð 18. háskólafundar 17. nóvember 2005.

3.2 Dagskrá 19. háskólafundar 24. mars 2006.

3.3 Lokaskýrsla um úttekt á hugvísindadeild og bréf menntamálaráðuneytis 2. mars 2006.

3.4 Drög endurskoðaðs samstarfssamnings H.Í. og LSH.

Rektor gerði stuttlega grein fyrir málinu sem verður rætt í háskólaráði á næsta fundi.

3.5 Athugasemdir H.Í. við drög að frumvarpi til laga um heilbrigðisþjónustu.

3.6 Fundir og viðburðir á vormisseri 2006.

4. Önnur mál

4.1 Aldarsaga Háskólans.

Eiríkur Tómasson bar upp fyrirspurn um stöðu mála varðandi undirbúning að ritun og útgáfu aldarsögu Háskólans. Magnús Diðrik Baldursson gerði grein fyrir málinu. Í máli Magnúsar kom m.a. fram að háskólaráð skipaði ritnefnd vorið 2005 og fól þáverandi rektor að fylgja málinu eftir á grundvelli fjárhagsáætlunar nefndarinnar. Um haustið fól Kristín Ingólfssdóttir, sem þá hafði tekið við rektorsstarfinu, Magnúsi og Guðmundi R. Jónssyni, framkvæmdastjóra rekstrar og framkvæmda, að fara yfir fjárhagsáætlunina og fylgja verkefninu úr hlaði. Þá hafi komið í ljós að fjárhagsáætlunin var vanmetin miðað við þær forsendur sem ritnefndin hafi gefið sér og í kjölfarið hefði hvort tveggja verið endurskoðað í samráði við formann ritnefndar, með það fyrir augum að halda verkinu innan upphaflegrar fjárhagsáætlunar. Loks greindi Magnús frá því að um þessar mundir sé verið að ræða við útgáfuforlög um að annast framleiðslu, dreifingu og markaðssetningu bókarinnar. Niðurstaða viðræðnanna muni væntanlega liggja fyrir fljótlega og ef allt gangi að óskum verði brátt hægt að ganga frá samningum við höfunda, útgefanda og um aðra þætti verksins. Þakkaði Eiríkur Magnúsi fyrir greinargott svar og var málið rætt. Ítrekuðu ráðsmenn nauðsyn þess að áreiðanleg fjárhags- og framkvæmdaáætlun liggi fyrir áður en hafist verði handa við ritun aldarsögunnar.

Fleira var ekki gert.
Fundu slitið kl. 16.00.